



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

BORUN HOLU 24 Í KRÖFLU
FYRIR LANDSVIRKJUN
Útboðslýsing - tilboðsform

OS-88014/JHD-06 B Apríl 1988



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Verknr.:666-072

**BORUN HOLU 24 Í KRÖFLU
FYRIR LANDSVIRKJUN
Útboðslýsing - tilboðsform**

88014/JHD-06B

OS-88014/JHD-06 B Apríl 1988

EFNISYFIRLIT

TILKYNNING UM LOKAÐ ÚTBOÐ

1. ÚTBOÐSGÖGN	1
2. YFIRLIT	1
3. STADSETNING OG NAFN BORHOLA	1
4. DAGSETNINGAR	1
5. BORDÝPI	1
6. TÆKJASKRÁ	2
7. VERKSVIÐ - ÁBYRGÐ - EFNI	2
7.1. Almennt (2); 7.2. Ábyrgð verktaka á tækjum (2); 7.3. Ábyrgð verktaka á borholu (3); 7.4. Atriði undan- þegin útboði (3); 7.5. Efni sem verkkaupi leggur til (3); 7.6. Efni sem verktaki leggur til (4)	
8. SKÝRSLUR - SÝNI	4
9. VERÐTILBOD	4
10. SÉRSKILMÁLAR	5
10.1. Frestur til að taka tilboði (5); 10.2. Val tilboðs (5); 10.3. Samþykki tilboðs - verksamningur (6); 10.4. Tryggingarfé (6); 10.5. Breytingar á verk- inu, Aukaverk (6); 10.6. Verkstjórn, Eftirlit og Umboðsmenn (7); 10.7. Áhætta, Brunatrygging, Ábýrgð á skaðaverkum (7); 10.8. Frestir, Féviti (8); 10.9. Greiðslur (8)	
11. TILBOÐSSKRÁR - VIÐAUKI	10

TILKYNNING UM LOKAÐ ÚTBOÐ

Landsvirkjun býður hérmeð út borun á einni holu í Kröflu. Tveir valkostir eru boðnir út. Útboðið er sent Jarðborunum hf. og Ísbor hf. Útboðið nefnist:

BORUN HOLU 24 Í KRÖFLU

Útboðsgögnin eru eftirfarandi:

1. Útboðslýsing
2. Tilboðsskrár
3. Tilboðseyðublöð

Útboðinu fylgja auk þess eftirfarandi gögn sem verða hluti samningsins:

4. Borun háhitaholu 24 í Kröflu fyrir Landsvirkjun.
Verklýsing, dags. apríl 1988.
5. Almennir útboðs og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, ÍST 30, útg. 1.apríl 1979, með sérskilmálum, sjá kafla 10 í útboðslýsingunni.

Tilboðið skal gert í samræmi við útboðsgögnin. Ef frávik eða athugasemdir eru gerð, skal þeim lýst á sér blaði, og verða þau því aðeins tekin gild, að jafnframt sé boðið í a.m.k. eina holugerð í samræmi við útboðsgögnin (sjá 10.2. í útb.).

Tilboði skal skila í lokuðu umslagi, merktu nafni útboðs, til skrifstofu Landsvirkjunar Glerárgötu 30, Akureyri þann _____ fyrir kl. 12:00. Samdægurs, kl. 14:15, verða tilboðin opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Fyrirspurnir ásamt óskum um upplýsingar og breytingar skulu berast Landsvirkju fyrir _____. Verði breytingar gerðar á útboðsgögnunum, verða þær tilkynntar þeim sem hafa fengið útboðsgögnin _____.

Akureyri, _____

f.h.
Landsvirkjunar

Rustur Óttarstott

1. ÚTBOÐSGÖGN

Útboðsgögnin eru eftirfarandi:

- 1.1. Borun holu 24 í Kröflu. Útboðslýsing - Tilboðsform, apríl 1988.
- 1.2. Borun háhitaholu 24 í Kröflu fyrir Landsvirkjun. Verklýsing, apríl 1988.
- 1.3. ÍST 30, útg. apríl 1979, með sérskilmálum sjá kafla 10 í útboðslýsingunni

2. YFIRLIT

Útboðslýsing þessi nær til borunar á einni háhitaholu í Kröflu niður á 1000-1200 m dýpi. Jarðfræðilegar aðstæður eru þektar á svæðinu og er þeim m. a. lýst í meðfylgjandi verklýsingu.

Í stuttu máli skal verktaki annast alla þætti verksins í samræmi við útboðsgögnin, og verktaki leggur til hluta efnis og þjónustu eins og um getur í kafla 8.

3. STADSETNING OG NAFN BORHOLU

Háhitaholan verður boruð á borplani við holu KJ-11 í Kröflu. Í skýrslum skal háhitaholan nefnd K(x)-24. Upphafsstæður í heiti bortækis er (x).

4. DAGSETNINGAR

- 4.1. Athugasemdir eða breytingartillögur við útboðsgögnin berist til Landsvirkjunar. fyrir .
- 4.2. Verði breytingar gerðar á útboðsgönum tilkynnast þær
- 4.3. Skilatími tilboðs er _____, kl. 12:00.
- 4.4. Opnunartími er _____, kl. 14:30.
- 4.5. Tilboðin gildi til _____.
- 4.6. Borverkið skal hefjast _____.

5. BORDÝPI

Verktaki samþykkir að bora háhitaholuna niður á 1200 m dýpi. Tilboðsupphæðir skulu vera á einingarverði (fast verð að nokkrum hluta, sjá kafla 9), samkvæmt frekari skilgreiningu í útboðslýsingunni. Verkkaupi áskilur sér rétt til að hætta borun hvenær sem er án aukagreiðslu. Verði farið fram á borun niður fyrir 1200 m dýpi skulu aðilar semja um það sérstaklega.

6. TÆKJASKRÁ

Verktakinn skal tilgreina á tilboðsformi B-1 og B-2 í tilboðsskrá hvaða bortæki og fylgihluti hann hyggst nota til verksins. Teikningar af borplani sem fullnægir þörfum borsins og kröfur um frágang þess skulu fylgja tilboði verktaka eins og tilgreint er í tilboðsformi D.

- 6.1. Fyrir dælur og loftpressur skal tilgreina fjölda, stærð, tegund, afl og afköst í magni og þrýstingi.
- 6.2. Fyrir bormastur skal tilgreina tegund, mesta leyfilegt krókátak, lengd borstanga. Einnig skal gefið upp mesta þvermál og lengd röra sem hægt er að fóðra holuna með.
- 6.3. Fyrir borstengur og álagsstengur skal tilgreina þvermál og heildarlengd.
- 6.4. Fyrir aðflutningskerfi skolvatns skal tilgreina flutningsgetu, þvermál aðflutningslagna og lengd. Ef froða er notuð, þá einnig stærð geymis og dælu.
- 6.5. Fyrir leðjukerfi skal tilgreina stærð geyma og skissa skal sýna fyrirkomulag þess.
- 6.6. Lýsing á steypukerfi, steypudælum, blöndunarþúnaði, og skissa er sýnir tengingu tækjanna.
- 6.7. Lýsing mælitækja sem fylgja bornum og nýtast við borunina og eftirlit með henni.
- 6.8. Lýsing á öryggislokum borsins. Tilgreina skal hita- og þrýstibol og lokunartíma lokanna.

7. VERKSVIÐ - ÁBYRGÐ - EFNI

7.1. Almennt

Verkið skal framkvæmt í samræmi við áðurnefnda verklýsingu, og eftir nánari fyrirmælum og takmörkunum sem lýst er í útboðslýsingu þessari. Verktakinn skal leggja til verksins alla vinnu, bortæki, áhöld og varahluti sem til þarf. Einnig skal hann leggja til allt efni, nema annað sé tekið fram í útboðsgögnum (sjá grein 7.5)

7.2. Ábyrgð verktaka á tækjum

Tæki verktaka skulu vera í góðu ásigkomulagi. Því til staðfestingar ber verktaka að leggja fram vottorð Siglingamálastofnunar um að skoðun hafi farið fram með hjóðbylgjutæki á álagsstöngum og tengjum sem sé ekki eldri en tveggja mánaða þegar verkið hefst.

Verði bilun, eyðileggist eða tapist einhver tæki eða áhöld verktaka, ber verktaki fulla ábyrgð á því.

7.3. Ábyrgð verktaka á borholu

7.3.1. Verði tjón á holunni meðan á borun holunnar stendur sem rekja má til vanrækslu verktaka, ber hann ábyrgð á slíku tjóni. Í því tilfelli að bordýpi verði ekki náð af þeim sökum, ber verktaka að flytja borinn um set og bora aðra holu á sinn kostnað, þar til verkið kemst á sama stig og var í fyrri holu. Fyrir vinnu við fyrri holu fær verktakinn eingöngu greitt fyrir þau störf sem unnin voru í tímavinnu samkvæmt beiðni verkkaupa. Fyrir síðari holuna verður greitt samkvæmt verksamningi.

7.3.2. Verði hrún í holunni eða upp koma aðrar þær aðstæður sem gera borun erfiða eða ómögulega, skal verktaki þegar tilkynna það verkkaupa og leitast við að sigrast á örðugleikunum með notkun sérstakra tækja eða efna, eða með steypingum. Í slíkum aðgerðum skal verktaki gera sitt ítrasta til að sigrast á örðugleikunum og halda áfram á sinn kostnað í allt að 36 vinnustundir í fyrsta skiptið sem slíkt kemur upp. Verði ekki árangur af þeim (aukning í holudýpi um 5 m á þessum tíma), skal verkkaupi ákveða hvort borun skuli hætt eða halddið áfram á tímajaldi. Skal borun halddið áfram á tímajaldi þar til aukning hefur orðið um 5 m í dýpi holunnar. Telst þá vandamálið yfirstigið, og hefst þá borun á ný samkvæmt einingarverði. Verktaki hefur heimild til að hætta verki eftir aðra slíka tilraun (sem stendur meira en 24 verktíma á hans kostnað), enda telji hann áframhaldandi borun vonlausa.

7.4. Atriði undanþegin útboði

- 7.4.1. Uppihald og fæði starfsmanna í Kröflubúðum.
- 7.4.2. Eftirlit og rannsókn sérfræðinga sem starfa á vegum verkkaupa.
- 7.4.3. Gerð vegs að borplani.
- 7.4.4. Gerð borplans, kjallara og lögn frárennslislagna.
- 7.4.5. Aðkeypt þjónusta til mælinga í holu sem gerðar eru til að sigrast á örðugleikum í borun.
Í slíku tilfelli greiðist ekki tímajald.

7.5. Efni sem verkkaupi leggur til

- 7.5.1. Fóðurrör og raufaðan leiðara.
- 7.5.2. Aðalflans á vinnlsufóðringuna.
- 7.5.3. Holuloka sem hægt er að bora í gegn um.
- 7.5.4. Steypustykki, upphengju, miðjustilla.
- 7.5.5. Allt sement.

7.6. Efni sem verktaki leggur til

- 7.6.1. Verktaki skal leggja til allt efni (undanskilið 7.5.) sem þarf til verksins og annast flutning og umsýslu þess. Greiðsla fyrir efni sem verktaki leggur til að öðru leiti skal vera innifalið í tilboðsupphæðinni eftir því sem við á (sjá nánar kafla 9).
- 7.6.2. Verkkaupi getur farið fram á að verktaki útvegi efni, en það skal vera samkvæmt skriflegri beiðni. Sjá kafla 10.5.

Verktaka er óheimilt að skuldbinda útgjöld hjá þriðja aðila vegna verksins, nema með skriflegu samþykki umboðsmanns eða eftirlitsmanns verkkaupa hverju sinni.

8. SKÝRSLUR - SÝNATAKA

- 8.1. Verktaka ber að afhenda eða senda verkkaupa borskýrslur í upphafi hvers verkdags fyrir verk sem unnin voru deginum áður.
- 8.2. Svarfsýnum skal safnað á 2 m fresti, og þau afhent eða send verkkaupa, eða þeim sem hann vísar til.
- 8.3. Verði slys á mönnum eða tjón á tækjum þriðja aðila skal verkkaupa sent afrit af skýrslum sem gerðar eru.
- 8.4. Móttökukvittanir sem verktaki fær fyrir efni sem lagt er til af verkkaupa, skal afhenda með borskýrslu næsta dags.
- 8.5. Fari verkkaupi fram á að fá greinargerð frá verktaka um sérstök atriði, sem varða verkið, eða um áætlunar verktaka skulu þær afhentar innan tveggja sólarhringa.
- 8.6. Í lok verksins skal verktaki skila teikningu af fóðringum og frágangi holunnar "as built".

9. VERÐTILBOÐ

Farið er fram á að tilboð séu gerð í aðra eða báðar gerðir hola eins og þeim er lýst í verklýsingu. Verðtilboðið skal byggt á einingarverðum en föstu verði í undirbúning, flutning bortækja og reisingu, eins og að neðan greinir. Einingerverð skal miðast við boraða metra. Lengdarmál skulu þá reiknast frá borplani, að frádreginni dýpt kjallara, og eru mál á borstöngum sem mældar eru með málbandi látin ráða.

Verðtilboð fyrir háhitaholuna skal fært inn á tilboðsform A-1 og A-2 í tilboðsskrá, og skal því skipt í eftirfarandi þætti:

- 9.1. Flutningur bors á svæðið, reising, samantekt (heildarverð í kr.).
- 9.2. Borun fyrir yfirborðsfóringu, fóðrun, steyping (einigarverð kr/m)

- 9.3. Borun fyrir vinnslufóðringu, fóðrun, steyping (einingarv. kr/m).
- 9.4. Borun vinnsluhluta holunnar, neðan vinnslufóðringar, fóðrun með raufðum leiðara (einingaverð kr/m).
- 9.5. Tímagjald fyrir borinn í biðstöðu þegar um umbeðin stopp er að ræða og vélarnar í gangi (reikningsverk). Sundurlíðið tímagjaldið fyrir mannskap og bor, og síðan fyrir stærri vélar svo sem dælur og loftpressur (kr/klst).
- 9.6. Tímagjald fyrir borinn, með vélarnar í gangi (reikningsverk). Sundurlíðið tímagjaldið fyrir mannskap og bor, og síðan fyrir stærri vélar svo sem dælur og loftpressur (kr/klst).

10. SÉRSKILMÁLAR

Um verk þetta gildir staðallinn "Almennir útboðs- og samnings-skilmálar um verkframkvæmdir - ÍST 30 - frá apríl 1979", með eftirfarandi breytingum eða viðbótum og vísa númer á tilsvarandi greinar í staðlinum.

10.1. Frestur til að taka tilboði

8.1 breytist svo:

Í stað orðanna "þrjár vikur" standi "þrír mánuðir".

10.2. Val tilboðs

9.1 orðist svo:

Bjóðendur mega gera tillögu um og miða tilboð sín við aðra tilhögum verks en í verklýsingu greinir jafnframt því sem þeir bjóða í sömu hougerð samkvæmt verklýsingu. Ef bjóðandi vill gera tilboð í breytta tilhögum í þá hougerð sem boðið er í samkvæmt verklýsingu skal því fylgja nákvæm lýsing.

Ef fyrirvarar eru í aðaltilboði, verða þeir ekki teknir til greina og bjóðandi á ekki neina kröfu á hendur verkkaupa. Ef útboðsskilmálarnir eru þess eðlis að verktaki telur sig ekki geta orðið við þeim, eða að hagkvæmari leiðir séu fyrir hendi, er bent á þá leið að fá útboðsgögnum breytt. Í því tilfelli verður öllum er fengið hafa útboðsgögnin tilkynnt um slíkar breytingar (sjá kafla 4).

9.2 orðist svo:

Með þeim takmörkunum sem settar eru í 8.2 og 9.1, er verkkaupa heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

10.3. Samþykki tilboðs - verksamningur

11.1 orðist svo:

Verktaki skal tilkynna bjóðanda í bréfi eða símskeyti, ef hann vill taka tilboði hans. Hann getur krafist þess, að bjóðandi staðfesti móttöku þeirrar tilkynningar hans.

11.2 orðist svo:

Þegar tilboð hefur verið samþykkt telst verksamningur gerður milli verkkaupa og bjóðanda, þess efnis, sem greinir í útboðsgögnum og tilboði. Gera skal skriflegan verksamning eigi síðar en hálfum mánuði eftir að tilboð hefur verið samþykkt. Sjá drög að verksamningi í viðauka.

10.4. Tryggingarfé

15.1 - 15.5 orðist svo:

Til tryggingar því, að verktaki efni skyldur sínar samkvæmt samningi leggur hann fram á sinn kostnað bankatryggingu að upphæð kr. 800.000, eða aðra tryggingu jafn góða.

Skal trygging þessi standa þar til verkkaupi hefur tekið við verkinu í viðurkenndu lagi, en lækkar þá í 5% af samningsfjárhæð, er stendur til loka ábyrgðartímans, sbr. grein 29.1 í ÍST 30.

10.5. Breytingar á verkinu, Aukaverk

16.6 ný grein:

Ef verkkaupa finnst nauðsynlegt eða hagkvæmt að breytingar og aukaverk verði unnin í reikningsvinnu, getur hann krafist þess. Útlagður efniskostnaður vegna reikningsvinnu greiðist verktaka með 10% álagi fyrir kostnaði sem hann verður fyrir.

Greiðsla fyrir aukaverkið skal vera samanlagður unnninn tímafjöldi margfaldaður með viðkomandi einingarverði (tímagjaldi) að viðbættum efniskostnaði með álagi. Náist ekki samkomulag um greiðslur fyrir aukaverk getur verkkaupi ákveðið, að verkið skuli unnið með hliðsjón af einingarverðum og skal verktaki skyldugur til að vinna verkið á þeim sérstaka grundvelli. Um hugsanleg stærri viðbótarverk skal samið sérstaklega.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hætta borun hvenær sem er.

Verkkaupi getur farið fram á að mælingar skuli gerðar í holunni á meðan borun holunnar stendur yfir, sem orsaka tímabundna stöðvun verksins. Slik fyrirmæli skulu gerð skriflega. Fyrir þann tíma greiðist sérstakt tímajald samkvæmt lið G. eða H. í tilboðsskránni. Tímalengdin miðast við fjölda verktíma frá því borverkið er stöðvað þar til það getur hafist aftur á sama stað. Einungis er miðað við tíma sem fellur innan venjulegs vinnutíma boráhafnar. Fari mælingarnar fram í borhléum, greiðist ekki sérstakt tímajald.

Verði óviðráðanlegir erfiðleikar í borun sem ekki verða leystir á 36 vinnutínum frá því þeirra varð fyrst vart, áskilur verkkaupi sér rétt til að hætta borun, og greiða eingöngu fyrir þann hluta verksins sem lokið er, og jafnframt að hefja borun nýrrar holu sem boruð yrði samkvæmt þessari útboðslýsingu og samþykktu tilboði.

10.5.1. Verkstjórn, Eftirlit og Umboðsmenn

17.1 orðist svo:

Yfirverkstjórn verks skal vera í höndum verkfræðings, tæknifræðings eða viðurkennds aðila, og skal yfirstjórnandi hafa reynslu af hliðstæðum verkum og vera samþykktur af verkkaupa. Hann skal hafa umboð til þess að skuldbinda verktakann.

Auk yfirstjórnanda ber að hafa traustan og ábyrgan borstjóra á vinnustað, og skal sá einnig hafa reynslu af hliðstæðum verkum og vera viðurkenndur af verkkaupa. Óheimilt er að skipta um stjórnanda á vinnustað án samþykkis verkkaupa. Á tilboðsformi í tilboðsskrá skal tilgreina starfsmenn sem verktakinn hyggst nota við verkið.

10.6. Áhætta, Brunatrygging, Ábyrgð á skaðaverkum

22.2 orðist svo:

Verkkaupa er heimilt að krefjast þess að verktaki hafi efni og tæki, sem eru á vinnustað, jafnan nægilega vátryggt. Heimilt er verkkaupa að krefjast þess að sér séu sýnd vátryggingarskírteini og kvittanir fyrir greiðslu iðgjalda.

22.3 fellur út.

22.7 ný grein:

Ef í ljós kemur við framkvæmd verksins, að búast megi við eða að hætta sé á, einhverra atvika vegna, að verkkaupi verði skaðabótaskyldur gagnvart þriðja aðila, ber verktaka að tilkynna það til verkkaupa samstundis. Ef verktaki á einhvern hátt getur ekki gert verkkaupa viðvart í tæka tíð ber verktaka að gera þær ráðstafanir, sem hann telur bestar til að vernda hag verkkaupa. Verktaki skal fá kostnað vegna þessa greiddan, nema hann eigi sjálfur sök á hugsanlegu tjóni.

10.7. Frestir, Féviti

24.1 - 24.7 fellur út.

10.8. Greiðslur

30.2 orðist svo:

Greiðslur fari fram hálfsmánaðarlega eftir því sem verkí miðar afram.

Um miðjan mánuð og um mánaðamót skal reikningur gerður, og skal verkkaupi eða fulltrúi hans hafa 15 daga til að yfirfara hann.

Verkkaupi skal inna greiðslu af hendi innan 10 daga frá samþykkt reikningsins.

30.3 falli niður.

30.5 orðist svo:

Með hverjum reikningi, skal verktaki skila skrá yfir hugsanlegar kröfur, um greiðslur vegna aukaverka og breytinga, og gera rökstudda grein fyrir þeim, ella verða kröfur ekki teknar til greina.

Verktaki skal innan tveggja mánaða frá því hann skilaði verki í hendur verkkaupa, senda honum fullnaðarreikning vegna verksins. Á reikningi þessum skal m.a. greina allar kröfur um greiðslur vegna aukaverka og breytinga.

Eftir að verktaki hefur gert verkkaupa fullnaðarreikning, getur hann engar frekari kröfur haft uppi.

30.8 ný grein:

Útreikningur verðbreytinga verður miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar, sem reiknast mánaðarlega af Hagstofu Íslands, með gildistíma frá byrjun hvers mánaðar.

Verð í tilboðsskrá skulu miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er 7 dögum fyrir opnunardag tilboðs. Verðbreytingar verða ekki teknar til greina á annan hátt en að framan greinir.

II. TILBOÐSSKRÁR - VIÐAUKI

1. Tilboðsform (A-1 og A-2) - Verðtilboð
2. Tilboðsform (B-1 og B-2) - Tækjalýsing
3. Tilboðsform C - Starfsmenn
4. Tilboðsform D - Teikningar
5. Verksamningur

TilboðsskráTilboðsform A-1.LandsvirkjunBorun holu 24, 13 3/8"Víð hola

Verkþáttur

Verkheiti

Ein.

Verð kr.

- A. Flutningur bors, reising, samantekt
(fast verð í kr)... _____
- B. Borun fyrir yfirborðsfóðringu, fóðrun,
steyping(kr/m)... _____
- C. Borun fyrir vinnslufóðringu, fóðrun
steyping.....(kr/m)... _____
- E. Borun vinnsluhluta holunnar, fóðrun með
raufuðum leiðara.....(kr/m)... _____
- G. Tímagjald fyrir borinn í biðstöðu
og vélar stöðvaðar.....(kr/klst)... _____
- H. Sundurliðað tímagjald fyrir borinn
með vélarnar í gangi:
- H.1. borinn einn.....(kr/klst)... _____
- H.2. + dælur borsins.....(kr/klst)... _____
- H.3. + loftpressur.....(kr/klst)... _____

Nafn bjóðanda: _____Undirskr. bjóðanda: _____

TilboðsskráTilboðsform A-2.LandsvirkjunBorun holu 24, 9 5/8"Grönn hola

<u>Verkþáttur</u>	<u>Verkheiti</u>	<u>Ein.</u>	<u>Verð kr.</u>
-------------------	------------------	-------------	-----------------

- A. Flutningur bors, reising, samantekt
(fast verð í kr)... _____
- B. Borun fyrir yfirborðsfóðringu, fóðrun,
steyping(kr/m)... _____
- C. Borun fyrir vinnslufóðringu, fóðrun
steyping.....(kr/m)... _____
- E. Borun vinnsluhluta holunnar, fóðrun með
raufuðum leiðara.....(kr/m)... _____
- G. Tímagjald fyrir borinn í biðstöðu
og vélar stöðvaðar.....(kr/klst)... _____
- H. Sundurliðað tímagjald fyrir borinn
með vélarnar í gangi:
- H.1. borinn einn.....(kr/klst)... _____
- H.2. + dælur borsins.....(kr/klst)... _____
- H.3. + loftpressur.....(kr/klst)... _____

Nafn bjóðanda: _____Undirskr. bjóðanda: _____

TilboðsskráTilboðsform B-1.LandsvirkjunBorun holu 24, 13 3/8"Víð hola

Tækjalysing

Nafn bjóðanda: _____Undirskr. bjóðanda: _____

TilboðsskráTilboðsform B-2.LandsvirkjunBorun holu 24, 9 5/8"Grönn hola

Tækjalysing

Nafn bjóðanda: _____Undirskr. bjóðanda: _____

LandsvirkjunBorun holu 24

Starfsmenn verktaka - Verkreynsla

1. YFIRSTJÓRN

Nafn: _____

Menntun: _____

Reynsla: _____

_____2. BORSTJÓRI

Nafn: _____

Menntun: _____

Reynsla: _____

_____3. BORÁHÖFN

Nafn: _____ Starfsaldur: _____

Nafn: _____ Starfsaldur: _____

Nafn: _____ Starfsaldur: _____

Nafn: _____ Starfsaldur: _____

Nafn bjóðanda: _____

Undirskrift bjóðanda: _____

LandsvirkjunBorun holu 24Teikningar

Borverktakinn skal leggja fram eftirfarandi teikningar og upplýsingar með tilboðinu (undanskilið liður 5):

1. Teikningu af borplani sem sýni stærð þess og frágang við borholuna.

Teikning nr.: _____

2. Teikningu af holutoppi sem sýni tengingu öryggisloka og holutoppsbúnaðar sem notaður er við borun holunnar við hvern áfanga holunnar (borun fyrir yfirborðsfóðringu, vinnslu-fóðringu og leiðara). Þar komi einnig fram sérstakar kröfur um flásastærð, kröfur um kjallara og frárennsli.

Teikning nr.: _____

3. Skissa af leðjukerfi borsins.

Teikning nr.: _____

4. Skissa af steypukerfi borsins

Teikning nr.: _____

5. Í lok verksins skal verktaki skila teikningu af hvorri holu "as built".

Nafn bjóðanda: _____

Undirskrift bjóðanda: _____

VERKSAMNINGURVERKSAMNINGUR

1. grein.

Samningur þessi er gerður milli Landsvirkjunar, sem hér eftir nefnist verkkaupi, annars vegar og

sem hér eftir nefnist verktaki, hins vegar.

2. grein.

Verktaki skal framkvæma verkið: _____

_____, í samræmi við samning þennan, útboðsgögn og tilboð verktaka. Auk þess eru eftirtalin gögn hluti samningsins:

1. Almennir útboðs og samningsskilmálar um verkframkvæmdir, ÍST 30, ásamt sérákvæðum

2. Verklýsing dags. _____

3. grein.

Greiðslur fyrir verkið verða samkvæmt tilboði:

4. grein.

Eftirtaldir aðilar hafa umboð til að koma fram fyrir hönd verkkaupa og verktaka:

Umboðsmaður verkkaupa er _____

Daglegt eftirlit verkkaupa annast _____

Ráðgjafi verkkaupa er _____

Yfirstjórnandi verktaka er _____

Borstjóri er _____

5. grein.

Verktaka er óheimilt að skuldbinda útgjöld hjá þriðja aðila vegna verksins, nema með skriflegu samþykki umboðsmanns eða eftirlitsmanns verkkaupa hverju sinni.

6. grein.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

7. grein.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Dags: _____

F. h. verktaka:

F. h. verkkaupa:
